

Ed.

686. Frumvarp til laga

[214. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Í Félagsheimilasjóð rennur skattur af skemmtunum, eftir því sem segir í lögum um skemmtanaskatt.

Verja skal allt að 90% af tekjum sjóðsins til að styrkja byggingar félagsheimila samkvæmt 1. gr. Til þess að hefja byggingu nýs félagsheimilis, er njóti styrks úr sjóðnum, þarf leyfi menntamálaráðherra, enda samþykki hann staðsetningu þess og teikningu. Hann getur sett það skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð. Einnig getur ráðherra sett það skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum, að fleiri en eitt félag standi að byggingu félagsheimilis, svo og sett þau önnur skilyrði viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem beztum notum og séu sem mest við hæfi bæjar þess eða byggðar, þar sem þau eru reist.

Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningar sjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum. Styrkveitingu til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris að samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningar sjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar.

Umsóknir um styrki skal senda íþróttanefnd. Ef um er að ræða umsókn um byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningarsjóði félagsheimila, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum.

Ekki má styrkur til byggingar félagsheimilis, hvort heldur eitt eða fleiri félög standa að því, nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði, auk þess sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svo, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

Heimilt skal Félagsheimilasjóði að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu. Menntamálaráðherra gerir, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar, áællun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli styrkja til félagsheimila og endurgreiðslu á skuldabréfunum ásamt vöxtum, enda skulu þá tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Heimilt er að veita ríkisábyrgð fyrir þessum skuldabréfum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fellur þá jafnframt úr gildi 2. gr. laga nr. 47 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt 1. gr. laga nr. 47 5. júní 1957 inn í lög nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og gefa þau út svo breytt.